

110

BRÁÐABIRGÐALÖG

25. sept. um breyting á lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desbr. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að kveða þurfi nánara á um ákvæði í lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desbr. 1934, um breyting á þeim lögum, til þess að koma í veg fyrir ágreining um, hvort téð ákvæði beri framvegis að skilja á sama hátt sem hingað til hefir verið gert við framkvæmd nefndra laga. Með því að svo er ástatt, teljum Vér nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70, 28. desbr. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miðað skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tollögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

- a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
- b. Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
- c. Fyrir kaffibæti, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
- d. Fyrir óáfeng vín, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
- e. Fyrir ávaxtasafa og ávaxtasafalíki, svo sem litað sykurvatn með kjörnum, öl, annað en maltöl, limonaði og aðra sams konar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
- f. Fyrir maltöl, $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Sorgenfrihöll, 25. september 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.